

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Álftanes annars vegar og SORPA bs. hins vegar gera með sér svohljóðandi

Þjónustusamning

um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin.

1. gr.

Verkefni

SORPA tekur að sér rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesbæ og Sveitarfélagið Álftanes samkvæmt 2. gr., lið b í stofnsamningi SORPU og nánari lýsingu á þjónustusamningi þessum. Í þjónustusamningnum eru framangreind sveitarfélög nefnd “sveitarfélögin”.

Þjónusta á endurvinnslustöðvum

2. gr.

Tilgangur með rekstri

Tilgangur með rekstri endurvinnslustöðva er að taka við flokkuðum úrgangi til endurnotkunar eða endurnýtingar og öðrum úrgangi sem sorphirða sveitarfélaganna safnar ekki með heimilisúrgangi.

3. gr.

Móttaka úrgangs frá heimilum

Á endurvinnslustöðvum skal tekið við öllum flokkum úrgangs sem nauðsynlegt er að flokka til að ná markmiðum laga og reglugerða um flokkun og endurnotkun eða endurnýtingu úrgangs og einnig flokkum sem hagkvæmt er að flokka til endurnotkunar eða endurnýtingar. Tekið skal við óflokkuðum heimilisúrgangi en íbúar skulu hvattir til að flokka úrgang sem losaður er á stöðvunum en starfsmönnum SORPU er heimilt að vísa frá stærri óflokkuðum förmum. Heimilt er að taka við allt að 2m³ förmum á stöðvunum.

4. gr.

Móttaka úrgangs frá rekstraraðilum.

Tekið skal við úrgangi frá rekstraraðilum gegn gjaldi sem nemur raunkostnaði við móttöku og förgun eða endurnotkun/-nýtingu úrgangsins.

Heimilt er að taka við allt að 2m³ förmum frá rekstraraðilum á tilteknum stöðvum, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar SORPU.

5. gr.

Þjónustutími endurvinnslustöðva

Þjónustutími endurvinnslustöðvanna á svæðinu skal vera allt að 327 tíma á viku. Við fjölgun eða fækkun stöðva skal heildar þjónustutími aukast eða minnka um 52 tíma á viku að stöðinni á Kjalarnesi frátalinni. Stjórn SORPU ákveður opnunartíma stöðvanna en hver stöð skal vera

opin að lágmarki 45 tíma á viku en endurvinnslustöðin á Kjalarnesi skal vera opin að lágmarki 12 tíma á viku. Við ákvörðun opnunartíma skal taka mið af góðri þjónustu við íbúa og hagkvæmni í rekstri stöðvanna.

6. gr.

Fjöldi og staðsetning endurvinnslustöðva

Að jafnaði skal ekki vera lengra en 3,5 km (loftlína) að hverri stöð frá íbúðarhúsi, enda séu heppilegar lóðir fáanlegar innan þeirra marka. Stöðvarnar skulu vera þannig staðsettar að aksturleiðir og aðkoma að stöðvunum sé greið.

Fjármál og rekstur

7. gr.

Rekstur endurvinnslustöðvanna

SORPA skal leitast við að reka endurvinnslustöðvarnar með sem hagkvæmustum hætti. Innkaup skulu framkvæmd samkvæmt innkaupareglum SORPU og tekið skal tillit til umhverfissjónarmiða við útboð og innkaup.

8. gr.

Rekstrartekjur og móttökugjöld

Rekstrartekjur endurvinnslustöðvanna eru eftirfarandi:

- a. Af móttökugjöldum sem íbúar greiða á stöðvunum.
- b. Af móttökugjöldum sem rekstraraðilar greiða á stöðvunum.
- c. Endurgreiðslur úrvinnslugjalds.
- d. Þóknun fyrir þjónustu til þriðja aðila sem njóta þjónustu stöðvanna.
- e. Sala endurvinnsluefna.
- f. Greiðslur sveitarfélaganna fyrir rekstur stöðvanna.

9. gr.

Rekstrarkostnaður, greiðslur sveitarfélaganna

Sveitarfélögin greiða SORPU rekstrarkostnað umfram tekjur sbr. 8. gr. lið f.

Þóknun SORPU fyrir rekstur stöðvanna er 3% af brúttórekstrarkostnaði. Þóknunin skal standa undir kostnaði SORPU vegna yfirstjórnar, fjársýslu o.fl., þar á meðal þátttöku í almennt kynningarstarfsemi byggðasamlagsins.

Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurnotkunarkostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrukkuð eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs.

Kostnaði sveitarfélaganna skal skipt hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.

10. gr.

Fjölgun, fækkun, færsla eða meiriháttar breyting á stöðvum

Ákvörðun um fjölgun, fækkun, færslu eða meiriháttar breyting á endurvinnslustöðvunum skal tekin af stjórn SORPU með samþykki sveitarfélaganna.

11. gr.

Áætlanir og uppgjör

SORPA skal vinna fjárhagsáætlun og uppgjör og senda sveitarfélögunum samkvæmt eftirfarandi:

- a. Fjárhagsáætlun fyrir 31. október ár hvert.
- b. Ársuppgjör fyrir 1. apríl ár hvert.
- c. Hálfárs uppgjör fyrir 30. ágúst ár hvert.
- d. Níu mánaða uppgjör fyrir 15. nóvember ár hvert.
- e. Ársfjórðungslegt magnuppgjör.

Ýmis ákvæði

12. gr.

Útlit og frágangur stöðvanna

Leitast skal við að hafa endurvinnslustöðvarnar og umhverfi þeirra snyrtilegt og takmarka dreifingu úrgangs frá þeim eins og kostur er. Stöðvarnar skulu afgirtar til að takmarka sjónmengun frá þeim og fok og hættu á að óviðkomandi fari eftirlitslaust inná stöðvarnar.

13. gr.

Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og skal endurskoðaður árlega með hliðsjón af framvindu og reynslu.

Reykjavík, janúar 2007

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar


f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Sveitarfélagsins Álftanes

f.h. SORPU bs

pr.pr. SORPA b.s.





KR

